

23. gr. orðist svo:

Á fyrsta fundi hreppsnefndar í júní ár hvert skal kjósa þrjá menn í hreppsráð og þrjá til vara hlutfallskosningu. Kosning hreppsráðs gildir uns nýtt hreppsráð hefur verið kjörið. Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsráðs og undirbúa þá í samráði við formann.

Hreppsráð kys sér formann og varaformann úr sínum hópi.

Hreppsráð skal halda fundi hálfsmánaðarlega. Fundardaga og fundartíma skal ákveða af hreppsnefnd í upphafi kjörtímabils.

Aukafundi skal halda er sveitarstjóri ákveður það eða er hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið fundarritara utan hreppsráðs. Í gerðarbók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu funda, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Flokkur sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki fulltrúa í hreppsráði má tilnefna hreppsnefndarmann til að sitja fundi hreppsráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráuneytið, 19. maí 1983.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 77/1983, um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu eiturefna.

1. gr.

6. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með sölu og varðveislu eiturefna í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum. Heilbrigðisnefndir skv. lögum nr. 50/1981, hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins eftirlit með sölu og varðveislu eiturefna í öðrum fyrirtækjum, sem hafa heimild til sölu þeirra skv. 5. tl. 5. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 17. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast gildi 1. júlí 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1983.

Svarar Gestsson.

Páll Sigurðsson.